



Landssamband æskulýðsfélaga

7. fundur stjórnar 2009 – 2010

Haldin í Hinu húsinu

24. nóvember 2009

Mættir: Unnur Hjálmsdóttir (UH) og Sindri Snær Einarsson (SSE). Foföll boðuðu Auður Geirsdóttir (AuG), Arnþór Gíslason og Raket Brynjólfssdóttir (RB). Einnig sat Hildur Tryggvadóttir Flóvenz (HTF) framkvæmdastjóri fundinn. Þar sem meirihluti stjórnar var ekki mættur var fundurinn ekki löglegur. Ákveðið var að fara í gegnum efni fundarins samt sem áður en engar ákvarðanir voru teknar.

Fundur settur: 18:30

Eftirfarandi fór fram á fundinum:

1. Fundargerð síðasta fundar

Frestað til næsta fundar.

2. Frá framkvæmdastjóra

HTF sagði frá því að samkvæmt kjarasamningi ætti að koma til launahækkun um 3,5% frá og með 1. nóvember.

HTF sagði frá því að hún yrði í fríi 3. 7. og 8. desember vegna prófa. Hún óskaði svo eftir að fá að loka skrifstofunni frá og með 21. desember til 4. janúar vegna jólafrís.

HTF sagði frá tilboði sem hún fékk frá Capacent um úrvinnslu á kosningaþátttöku ungs fólks eftir að hún leitaði eftir því hvort slíkar upplýsingar væru til hjá þeim. HTF sagðist finnast tilboðið full hátt og voru SSE og UH sammála því.

HTF sagði frá því að aldrei hefði verið fleiri heimsóknir á heimasíðuna okkar eins 23. nóvember daginn sem Stefnumót ungs fólks við stjórnámálamenn fór fram.

3. Frá æskulýðsráði

SSE sagði frá því að komin væri tími til að skipa nýja stjórn í Æskulýðssjóði. Umræða skapaðist um hvort og þá hvern SSE ætti að tilnefna sem fulltrúi í Æskulýðsráði.

4. Niðurstöður Stefnumót ungs fólks við stjórnámálamenn

HTF lagði fram uppkast af stuttri samantekt á stefnumótinu. Samantektin verður unnin frekar og svo send þeim sem tóku þátt í stefnumótinu. Hugmynd um að senda öllum þingmönnum og ráðherrum þakkarbréf í pósti og öðrum þátttakendum í tölvupósti.

5. Dagskrá eftir áramót

Farið var yfir hugmynd að dagskrá sem til hefur verið. Rætt um að færast ekki of mikið í fang og fresta jafnvel þingi unga fólksins fram á haustið til að geta staðið að öllu eins og vel og við viljum gera.

6. Alþjóðastarf

- a) HTF sagði frá beiðni um að koma með innlegg í skuggaskýrslu um Youth Rights í Evrópu. SSE og UH sammála um að ekki sé tími til þess á þessu stigi.
- b) Ráðstefna á vegum Baltic Sea Secretariat for Youth Affairs til umfjöllunar. Okkur bíðst að senda tvo að kostnaðarlaus og verða þeir að hafa yfirgripsmikla þekkingu á starfsemi LÆF í dag. Vegna óhentugar tímasetningar verður ekki úr að við sendum fulltrúa.
- c) Boð um að sækja European Expert meeting for youth workers á vegum Evrópuráðsins og hollenskra samtaka í mars á næsta ári. HTF falið að kanna betur hvað verður gert á fundinum.
- d) HTF sagði frá því að okkur hefði borist auglýsing þar sem auglýst er eftir fólki í ritstjórn Youth Opinion fréttablaðs European Youth Forum. SSE og UH vildu gjarna að þetta tækifæri yrði auglýst til aðildarféлага og HTF falið að gera það.
- e) Bréf frá LiJOT hafði borist um frekar upplýsingar til þeirra frá okkur um hugsanlega þátttöku í B-Young verkefni þeirra. Ákveðið að hugsa þetta aðeins betur og skoða málið.

7. Bréf og önnu skjöl sem þarfnast afgreiðslu

Ekkert.

8. Önnur mál

Ekki var fleira rætt á fundinum og fundi slitið kl. 19.40

Fundargerð ritaði:

Hildur Tryggvadóttir Flóvenz
framkvæmdastjóri